



Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19

Dags.: 28.10.2021

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Ívar Örn Þórðarson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Herdís Erna Gunnarsdóttir. Þórður Ingólfsson læknir hefur komið inn á fundi viðbragðsteymis til upplýsingar og samráðs.

Á milli funda hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af síðustu samskiptum og fundum teymisins.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 21. október 2021:
Tilkynning um möguleg smit í Auðarskóla.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 21. október 2021:
Möguleg smit komin upp, tilkynnt um jákvæð heimapróf, eftir að fá staðfestingu úr PCR prófum. Umræður um hvort loka eigi Auðarskóla. Enginn skráður í sóttkví/einangrun eins og staðan er núna. Fljótt að dreifa sér ef smit eru, ákveðið að skólanum verði lokað. Þarf að finna leið til að koma börnum í skólabúðum heim.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 21. október 2021:
Búið að gefa út hvaða börn og starfsmenn þurftu í sóttkví og smitgát, unnið í samstarfi við rakningarteymi almannavarna. Stór hluti bara í smitgát en getur breyst í sóttkví/einangrun þegar niðurstöður PCR prófa berast. Allir rólegir en kallað eftir upplýsingum. Búið að vinna góða vinnu á þessu stigi málsins. Umræður um hvort loka eigi skólanum í næstu viku vegna þess hve margir eru bundnir í sóttkví og þurfa að bíða eftir niðurstöðum úr prófum. Einnig þarf að skoða stöðu skólabílstjóra. Umræður um ruglandi ferli, ekki hægt að skrá sig í hraðpróf í Búðardal, upplýsingum varðandi það verði komið á framfæri. Mikið um skilaboð til foreldra en það er gott að halda upplýsingaflæðinu. Tilkynning verði sett á heimasíðu Dalabyggðar. Ákveðið að sundlaug verði lokað um helgina og á mánudag í það minnsta. Heimsóknarreglur hertar á Silfurtúni. Verið að skoða skráningu bakvarða ef til þess kemur. Þarf að skoða fyrirkomulag íbúafundar. Spjallborð notað til samskipta ef þarf fram að næsta fundi.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 22. október 2021:
Drög að tilkynningu vegna COVID smita í Dalabyggð. Fréttir sem settar voru inn á dalir.is
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 25. október 2021:
Staðan góð varðandi birgðir af grínum og spritti. Dalabyggð mun fá sendar tölur yfir einangrun og sóttkví daglega á meðan þessu stendur. Bætast við smit bæði hjá börnum og starfsmönnum við Auðarskóla. Samkvæmt tölum úr rakningargrunni eru 14 í einangrun og 117 í sóttkví í Dalabyggð. Nokkur yfirfærsla í sóttkví úr smitgát. PCR prófum fjölga. Verið að skoða hvenær

næsti sýnatökudagur á að vera, verður skoðað og leiðrétt ef þarf. Búið að koma upp sýnatökuaðstöðu í sjúkrabílaskýli. Þarf að meta hvort opna eigi leikskóla á mánudaginn í næstu viku, staðan verður skýrari síðar í vikunni. Búið að afla upplýsinga um bakverði og verið að kalla eftir fleiri skráningum. Sundlaug verði lokað á miðvikudaginn, bókasafn lokað á morgun. Íbúafundur verður í streymi. Tilkynning verður sett á heimasíðu Dalabyggðar.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 25. október 2021:
Drög að tilkynningu vegna stöðunnar í Dalabyggð. Frétt sem sett var inn á dalir.is
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 26. október 2021:
Staðan 26. október, einangrun og sóttkví.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 26. október 2021:
Samkvæmt lögreglu eru 17 í einangrun og 117 í sóttkví. 2 aukaleg smit sem tengjast þessu smiti en eru ekki taldir með hérna á svæðinu. Foreldrar smitaðra barna eru að greinast með smit. Varð smá töf á niðurstöðum sem áttu að koma í gær en komu í morgun. Áfram unnið að rakningu. Einhverjir af þeim sem hafa verið útsettir fara í PCR próf á morgun, aðrir á fimmtudag. Ekki hægt að taka einstaklinga í PCR próf fyrr en strikamerki berst þeim, lykilatriði er að taka prófið ekki of snemma og að allir fari í próf. Rætt um að herða heimsóknarreglur á Silfurtúni meðan staðan er sú að smit séu að greinast. Hópur smitaðra stór fyrir samfélagið okkar. Þeir sem hafa verið að greinast í síðustu prófum hafa verið í sóttkví svo það er möguleiki á að hægt verði að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu. Óvissupátturinn er uppruni smitsins. Þröskuldurinn er lægri núna þegar virk smit eru í samfélaginu, ef einstaklingar finna fyrir einkennum þarf að fara í sýnatöku. Góð vinna verið unnin og saman komumst við í gegnum þetta.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 27. október 2021:
Staðan 27. október, einangrun og sóttkví. Umræður um fyrirkomulag sóttkvíar.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 27. október 2021:
Samkvæmt lögreglu eru 117 í sóttkví og 21 í einangrun. Nokkrir í sýnatöku í dag sem geta þá losnað úr sóttkví á morgun. Beðið eftir frekari niðurstöðum úr prófum áður en hugað er að frekari breytingum eða lokunum, þó verði bókasafnið lokað í þessari viku.
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 28. október 2021:
Staðan 28. október, einangrun og sóttkví.
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 28. október 2021:
Samkvæmt lögreglu eru 96 í sóttkví og 22 í einangrun. Frekari ákvarðanir um lokanir verða ekki teknar fyrr en á morgun þegar niðurstöður úr prófum eftir daginn í dag liggja fyrir. Ekki heyrst af smitum í samstarfsskólum.